



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Reykjavík, 12. febrúar 2018.

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um rétt barna til að vita uppruna sinn, þskj. 88, 74. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um rétt barna til að vita um uppruna sinn.

MRSÍ styður tillöguna og tekur undir þau sjónarmið er vísað er til í texta hennar, og koma fram í bókinni *Síðfræði lífs og dauða* eftir Vilhjálm Árnason, að ekki megi ýta til hliðar þeim brýnu hagsmunum barns að fá að vita um uppruna sinn til þess eins að bæta úr barnleysi og lina þær þjáningar sem því kunna að fylgja. Með því skapist hætta á að farið sé að „nota barnið sem tæki til að þjóna markmiðum foreldra en horft framhjá því að það er einstaklingur með sjálfstæð réttindi og hagsmuni“.

MRSÍ tekur og undir með flugningsmönnum tillögunnar um mikilvægi þess að réttindi einstaklings sem getinn er með gjafakynfrumum séu sett í forgrunn og honum tryggður með lögum sjálfstæður réttur til að fá upplýsingar um uppruna sinn. Áréttuð er vísan í tillögunni til laga nr. 19/2013, um samning Sameinuðu þjóðanna um réttind barnsins, einkum 3. gr., 6. gr. og 12. gr.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir

framkvæmdastjóri